

**REGLUR**

UM

**RAFMAGNSLAGNING  
Í REYKJAVÍK**

FYRIR 220 VOLTA BREYTIS.

---

# REGLUR

UM

## RAFMAGNSLAGNING Í REYKJAVÍK

FYRIR 220 VOLTA BREYTISTRAUM.

---

REYKJAVÍK  
PRENTSMIÐJAN GUTENBERG  
1921

## EFNI:

	Bls.
1. gr. Markmið . . . . .	1
2. — Löggiltir rafmagnsvirkjar . . . . .	1
3. — Skilgreining helstu heita . . . . .	2
4. — Verksvið rafmagnsvirkja . . . . .	2
5. — Umsóknir, tilkynningar, uppdrætlir . . . . .	3
6. — Skoðun, prófun, viðtenging . . . . .	5
7. — Rafmagnsgögn . . . . .	8
8. — Tilhögur almennt . . . . .	9
9. — Útreikningur rafmagnstauga . . . . .	14
10. — Tegundir rafmagnstauga . . . . .	16
11. — Gerð og frágangur á rafmagnslagningu:	
Almennar reglur . . . . .	19
Rafmagnslagning á þurrum stöðum . . . . .	22
Lagnir í jörðu . . . . .	29
Rafmagnslagning utanhus . . . . .	30
Rafmagnslagning á rökum stöðum . . . . .	31
Rafmagnslagning þar sem brunahættla er . . .	32
12. — Neyslutæki:	
Almennar reglur . . . . .	33
Sjerstakar reglur . . . . .	37
13. — Gildi reglnanna . . . . .	38
14. — Brot gegn reglunum . . . . .	38
Viðbætir, björgunartilraunir . . . . .	39
Merkjaskrá . . . . .	44

**SAMKVÆMT** 9. gr. reglugjörðar 5. nóv. 1920  
fyrir rafmagnsveitu Reykjavíkur, hefir rafmagnsstjórn  
Reykjavíkur sett eftirfarandi

**Reglur**

um frágang og tilhögun á veitum sem tengdar  
verða við lagnir rafmagnsveituñnar.

**1. gr. Markmið.**

Reglur þessar gilda fyrir 220 volta breytistraum  
og er markmið þeirra, að veita íbúum Reykjavíkur  
og rafmagnsveitu bæjarins tryggan og góðan út-  
búning á rafmagnslagningu í húsum.

**2. gr. Löggiltir rafmagnsvirkjar.**

Rafmagnslagningu allri og rafmagnssetningu, svo  
og aðgerð og breyting á eldri veitum mega ein-  
göngu þeir rafmagnsvirkjar, er rafmagnsstjórn lög-  
gildir til þess, veita forstöðu, að svo miklu leyfi  
sem rafmagnsveitan tekur ekki sjálf að sjer þessi  
verk. Rafmagnsvirkjar skulu í öllu hlíta löggilding-  
arskilyrðum fyrir rafmagnsvirkja í Reykjavík og auk  
þess reglum þessum. Hvar sem getið er rafmagns-  
virkja í reglum þessum, er átt við löggiltan raf-  
magnsvirkja, þótt sje eigi það fram tekið.

### 3. gr. Skilgreining helstu heita.

Taugakerfi rafmagnsveitunnar greinist í þrent: Götutaugar, heimtaugar og hústaugar.

Heimtaugar eru:

Álmur þær, sem liggja úr götutaugum inn fyrir húsvegg.

Hústaugar eru:

*Stofn*, sem er aðalrafmagnstaugar hússins, tekur við af húsálmu og liggur upp eða niður gegnum húsið.

*Stofnvar* er aðalvar hússins og liggur þar sem kemur saman álma og stofn.

*Kvíslar* liggja frá stofni inn í hverja húshæð eða íbúð. Þær fara um mælitæki, ef notuð eru.

*Greinar* eru ystu rafmagnstaugar kerfisins og liggja fram til neyslutækja.

*Greinispjald* er spjald, sem á eru fest vör og straumrofar, er liggja fyrir grein hverri. Kvíslar ganga fram til greinispjalta, en þaðan greinar.

*Rafmagnslagnir* eru pípur og taugar rafmagnsveitu ásamt því, er til uppfestu þeirra heyrir.

*Rafmagnsbúnaður* er tengi- og kvíslagögn rafmagnsveitu, svo sem snerlar, dósir, spjöld o. fl.

### 4. gr. Verksvið rafmagnsvirkja.

Lagning á álmum. Legu húsálmu ákveður rafmagnsstjóri og lætur leggja og viðhalsa.

Lagning tauga, setning búnaðar o. s. frv. Löggtitur rafmagnsvirkji leggur stofna, kvíslar og greinar, hann setur rafmagnsbúnað allan og tæki, breytir lögnum, búnaði og tækjum og bæfir þau.

Hann er skyldur að sjá um að lagnir liggi svo,

að eigi verði tekinn úr þeim straumur öðruvísi en þannig, að til reiknings komi samkvæmt gjaldskrá rafmagnsveitunnar.

Rafmagnsstjóri tiltekur, hvar mælitæki skuli sett og annast setningu þeirra og viðtengingu. Má rafmagnsvirkji eigi tengja eða rjúfa, nje breyta til um nokkurt slikt eftirlitstæki. Það, sem síðar er sagt um mæla, á einnig við önnur mælitæki, sje ekki annars sjerstaklega gefið.

### 5. gr. Umsóknir, tilkynningar, uppdrættir.

Umsóknir og tilkynningar, sem um ræðir í reglum þessum, skal rafmagnsvirkji skrifa á sjerstök eyðublöð, sem til þess eru gerð, og rafmagnsstjóri lætur í tjé.

Umsókn um lagningu húsálmu skal stíla til rafmagnsveitunnar og skal þar þetta tekið fram: Umsókn um húsálmu.

- Nafn og heimili þess, er kosta vill húsálmuna, svo og hver sje eigandi hússins.
- Lega hússins við næstu götur, númer húss og lóðar.
- Áætluð tala hw, er notuð verður. Skal hver glólampi metinn á 0,5 hw, vjelar á 9 hw fyrir hvert ha., og önnur áhöld eftir ástimplaðri eyðslu þeirra að viðlöögðum 50%.

Umsókn um rafmagnslagningu í hús skal stíla til rafmagnsveitunnar og skal þar þess getið, hvort um nýlagningu sé að ræða, viðbót o. s. frv., enn fremur straumeyðslu hvers áhalds fyrir sig, svo og þess, hvenær verkið verður hafið. Umsóknin skal vera tvírituð. Fær rafmagnsvirkji annað eintakið með árituðu samþykki og hefir þá leyfi til að láta byrja verkið.

Samtímis umsókn um lagningu skal senda uppdrátt af veitunni. Fær rafmagnsvirki eintakið aftur ásamt umsókninni, með breytingartillögum og at-hugasemendum, er kunna að verða gerðar.

**Uppdrættir.** Uppdrættir skulu vera  $350 \times 500$  mm að stærð eða heilum sinnum sú stærð og eigi eftir minni mælikvarða en 1 : 100. Þeir skulu sýna grunnmyndir af allri veitunni, þannig að áttast verði á staðháttum, svo og stofntaugamynnd. Skal þar farið eftir merkjum og fyrirmundum, er fylgja reglum þessum.

Sje uppdráttur sömu húsveitu á fleira en einu blaði, skulu raðtölur á þeim vera og á hverju blaði standa hversu mörg blöðin sjeu alls.

**Merkings uppdrátt.** Sjeu stofnar fleiri en einn, skulu þeir merktir rómverskum tölum I, II, III o. s. frv. Greinispjöld skulu kend við stofn sinn, þannig að I1, I2 o. s. frv. eru spjöld við I-stofn. Komi minni greinispjöld á eftir hinum, skulu þau merkt I1a, II2a o. s. frv., ef þau eru eftir aðalgreinispjaldi I1 og II2 o. s. frv.

Samkvæmt merkjaskránni skal sýnt nákvæmlega, hvar og hvernig taugar liggja, lampa- og vjelastæði, viðnám, straumrofar, tenglar, greinispjöld og önnur gögn; enn fremur staður mælis og fjarlægð hans frá stofnvari, mæld eftir stofntaugunum. Uppdrættir skulu undirritaðir af rafmagnsvirkja.

**Breyting uppdrátt.** Verði lítilvagnar breytingar á lagningunni frá því sem sýnt er á uppdráttunum, skal rafmagnsvirki draga þær á hina sömu uppdrætti, en annars skal hann gera nýjan uppdrátt, og senda til rafmagnsstjóra.

**Undirskrift.** Breyttir uppdrættir eða leiðrjettir skulu vera í samræmi við veituna fullgerða. Skal rafmagnsvirki með dagsettri undirskrift sinni á leiðrjettu uppdrætt-

ina ábyrgjast að svo sje, og að veitan sje í samræmi við reglurnar.

Rjetta uppdrætti að húsveitu hverri, skal senda rafmagnsstjóra áður en skoðun fer fram og skal hann geyma þá.

Sje rafmagnslagningu ekki lokið, er liðnir eru 2 mánuðir frá því að leyfi var veitt, ber rafmagnsvirkja að tilkynna það skriflega, og skal þá sótt um leyfi að nýju, þegar framkvæma á rafmagnslagninguna eða fullgera. Rafmagnsstjóra er þó heimilt að veita undanþágu í þessu efni, ef honum þykir ástæða til.

Þurfi skjótra aðgerða á húsveitu, t. d. ef eldsvoða ber að höndum, skal rafmagnsvirki láta þegar gera nauðsynlegar ráðstafanir, en senda skal hann síðan skýrslu til rafmagnsstjóra um það, sem gert var og hvernig á stóð.

Ef bruna hefir að höndum borið, má ekki raska húsveitu, fyr en rafmagnsstjóri eða þeir menn, er hann sendir, hafa skoðað staðinn, nema nauðsyn krefji sökum frekari brunahættu.

## 6. gr. Skoðun, prófun, viðtenging.

Þegar rafmagnslagningu er lokið, skal í síðasta lagi tilkynningu síðar senda skriflega tilkynningu til rafmagnsstjóra um lúkning verksins með beiðni um skoðun.

Nú er lokið nokkrum hluta leyfðrar húsveitu, er taka má til notkunar út af fyrir sig, og skal þá, innan tveggja mánaða frá leyfisveitingu, senda tilkynningu um þann hluta sjerstakan, þótt ekki sjeu aðrir hlutar veiturnar fullgerðir.

Rafmagnsstjóri lætur þá skoða veituna svo fljótt, sem því verður við komið. Ef þess er krafist,

Geymsla  
uppdráttu.

Tafir.

Þegar  
skjótra að-  
gerða er  
þörf.

Við bruna.

Tilkynning  
um lúkning  
verks.

Veita, sem  
ekki er  
lokið við.

Skoðun.

er rafmagnsvirki skyldur að vera við skoðunina eða senda í sinn stað mann, er kunnur sje veitunni. Sje tilkynningin einungis um setningu áhalda við eldri ljósveitur, er·áður hafa verið tilkyntar, en engum lögnum breytt, þarf enga skoðun, en rafmagnsvirki skal þá í tilkynningunni skýra frá einangrun veitunnar. Hafi lögnum verið breytt eða vjelar settar, skal skoðun fram fara.

#### Ábyrgð á nýveitum.

Rafmagnsvirki er tilkynnir lúkning nýrrar veitu, ber ábyrgð á henni allri, hvort sem annar rafmagnsvirki hefir byrjað verkið, eða efnið er keypt hjá öðrum.

#### Ábyrgð á breyttum veitum.

Rafmagnsvirki, sem tilkynnir lúkning veitu, er áður hefir verið tilkynt og notuð, ber ábyrgð á þeim greinum, er hann hefir unnið að, og á veitunni, sem fyrir var að svo miklu leyti, sem hann hefir orðið að raska henni.

#### Ábyrgð á eldri veitum.

Ef um veitu er að ræða, sem notuð hefir verið, eða gerð áður, en reglur þessar ganga í gildi, fer um hana sem um nýja veitu.

#### Ábyrgðar-lími.

Rafmagnsvirki ber ábyrgð á veitum, þótt þær hafi verið viðurkendar af rafmagnsstjóra. Skal hann bæta á sinn kostnað hvern galla sem orsakast af vankunnáttu við lagningu, ljelegu efni eða rangri tilhögum, ef vart verður við gallann innan eins árs eftir að veitan er orðin viðtengd.

#### Endur-skoðun.

Sje rafmagnslagning illa gerð eða eigi fullgerð þegar skoðun fer fram, sje hún eigi samkvæmt gildandi reglum eða ef rafmagnsvirki kemur eigi eða sendir mann í sinn stað, þótt þess hafi varið krafist, verður veitan ekki viðtengd, fyr en úr er bætt og endurskoðun hefir farið fram.

Við skoðun skal gerð einangrunarmæling á veitunni. Skal hún gerð með 200 volta spennu að minsta kosti, venjulegast með rekstursspennunni og hafi hún þá staðið á 2 mínútur skemst.

Einangrun stofna og kvísla skal mæld sjer og Einangr-hverrar greinar sjer. Ennfremur skal mæld ein- unarviðnám. angrun fasa gagnvart jörðu svo og hvors gagnvart öðrum.

Einangrunarviðnámið skal vera að minsta kosti sem hjer segir:

- Í þurrum herbergjum (t. d. íbúð gamalla húsa) 440000 ohm.
- Í rökum herbergjum (t. d. nýum steinhúsum) 220000 ohm.
- Á mjög rökum stöðum (t. d. baðhúsum, þvottahúsum o. s. frv.) má leyfa minni einangrun eftir áltí rafmagnsstjóra í hvert sinn. Einangrunarviðnámið í gumi-blýstrengjalögnum skal þó ætið vera að minsta kosti 440000 ohm.

Nái einangrunarviðnámið ekki þessum takmörkum eða sé aðrir gallar á, skal bæta úr þeim og fer síðan endurskoðun fram svo sem áður er sagt.

Rýrni einangrun svo, að viðnámið nái eigi ofangreindum takmörkum, eða komi aðrir gallar fram eftir að veitan er viðtengd, er rafmagnsvirki skyldur að tilkynna það rafmagnsstjóra þegar er hann verður þess vís, svo og að bæta úr göllunum ef þess er óskað.

Þegar veita hefir verið skoðuð og prófuð og er Viðtenging, í samræmi við lagningarreglurnar, verður hún viðtengd og mælitæki sett af skoðunarmanni.

Einangr-unarmæling.

Gallar.

Gallar er síðar koma fram.

Rof á viðtengingu. Rafmagnsstjóri getur rofið viðtengingu veitu, ef gallar eru á, þar til úr þeim er bætt, og látið innsigla heila húsveitu eða einstaka hluta hennar, svo og einstök tæki. Enginn má brjóta innsigli rafmagnsveitunnar, nema sjerstakt leyfi rafmagnsstjóra komi til.

Gjald fyrir skoðun. Fyrir skoðun á veitu skal greiða gjald er reiknist þannig:

a) Nýjar veitur:

Fast gjald . . . . .	3,00 kr.
auk þess á grein hverja . . . . .	1,00 —

b) Breyttar veitur:

Fast gjald . . . . .	2,00 —
auk þess á breyttu grein . . . . .	0,50 —

— — - nýja grein . . . . . 1,00 —

Fyrir endurskoðun skal greiða tvöfalt gjald.

Gjald fyrir endurskoðun.

### 7. gr. Rafmagnsgögn.

Rafmagnsgögn er alt efni og tæki, er fer til veitu hverrar, bæði lagnir, búnaður og neyslutæki.

Samþykki til notkunar. Eigi má nota gögn öðruvísi gerð eða úr öðru efni en rafmagnsstjóri samþykkir.

Senda skal til rafmagnsstjóra sýnishorn af gögnunum ásamt gagnaskrá smiðjunnar yfir slíka hluti. Á gögnum skal standa nafn gagnasmiðjunnar, smiðistala og straum- og spennuþol.

Rannsókn. Þegar gögnin hafa verið rannsókuð, fær rafmagnsvirki þau aftur, með samþykki til notkunar, ef nothæf þykja. Séu neyslutæki stór, þarf eigi að senda þau, en rafmagnsstjóra er heimill aðgangur að þeim til prófunar.

Rafmagnsvirki ábyrgist að gögn þau, er hann notar Ábyrgð á eða útvegar, sjer sömu stærðar, gerðar og gæða gerð gagna. og þau, er samþykkt hafa verið, svo og að rafmagnseinkenni þeirra sjeu hin sömu.

Meðan á lagningu stendur og þar til veita er Efnisránnviðtengd getur rafmagnsstjóri ef þörf þykir, látið sókn meðan taka af efninu til þróunar án endurgjalds fyrir efni á lagningu og vinnu, er til þess fer. stendur.

### 8. gr. Tilhögun alment.

Húsveitu skal vera vel fyrir komið, og yfirlit auðveld. Skulu allir hlutar hennar vera aðgengir til skoðunar, viðgerðar og umskifta að svo miklu leyti sem unt er. Yfirlit. Taugaskifti.

Sje um stórar húsveitur að ræða, með fleiri en einum stofni, skulu kvíslagögn, mælisþjöld og greinispjöld merkt á sama hátt og sýnt er á uppdrætti af veitunni, sbr. bls. 4. Merking samkvæmt uppdrætti.

Gildleiki stofntauga skal samsvara gildleika húsalmutauga, þar sem einn er stofn, en allir stofnarnar saman samsvara álmugildleika, ef fleiri eru stofnar. Þó má stofn mjókka eftir kvíslun, en aldrei niður úr 6 m<sup>2</sup>, nema sjerstakt leyfi komi til. Stofnar.

Sjerhver stofntaug skal tengd við stofnvar með Viðtenging sjerstökum skrifklemmum. Skal síðan brætt yfir stofna. með einangrunarlakki. Taugar tveggja stofna má ekki viðtengja á sömu klemmum.

Taugar hvers stofn skulu merktir A, B og C, þannig, að A sje til vinstri, B í miðið og C til hægri. Skal þeirri röð ávalt haldið. Ef taugarnar eru einkendar með litum, skal A vera rauð, B Merking stofna.

blá og C gul eða hvít. Úr stofnum má aldrei taka straum beint til áhalda.

Kvíslar.

Stofntaugar skal kvísla í sjerstökum kvísladósum. Skulu taugarnar kveiktar eða skrúfaðar saman við kvíslamótin. Kvísl frá þrítauga stofni skal að jafnaði vera þrítauga, en sje hún tvítauga,

Umtenging.

Skulu kvíslamótin þannig gerð að umtenging tauganna sje auðveld. Röð og merking kvísltauga skal

Merking.

vera hin sama og stofntauga og skal því halddi fram til greinispjálða. Þó eigi sjeu nema tvær taugar í kvísl frá þrítauga stofni, skal gert ráð fyrir hinni þriðju. Sje umtenging gerð í kvísladós, skal merkingu tauganna breytt eftir því.

Kvíslavör.

Vör skulu vera í kvísl hverri, ef fleiri en ein er á sama stofni. Kvíslavör þessi skulu vera fyrir framan mælitæki á spjaldi þess.

Engin

straumtaka

úr kvíslum.

Greinispjöld.

Úr kvíslum má eigi taka straum beint til áhalda. Kvíslar enda við greinispjöld og má aðeins ein kvísl liggja að spjaldi hverju. Greinispjald skal að jafnaði vera rjett við mælitæki og skulu frá því ganga allar greinar veitunnar og öll greinvör og greinrofar vera á því.

Undir-

greinispjöld.

Durfi fleiri spjöld en eitt, skal kvísl ganga frá aðalgreinispjaldinu við mælitækið fram til undir-greinispjaldanna og skal vera á þeim vör og rofar fyrir greinum, er frá þeim liggja.

Greinar.

Greintaugar skulu þannig tengdar við greinispjöld, að tengslin megi skoða meðan á notkun stendur.

Taugar,

er

Greintaugar tveggja greina má hvergi tengja saman, og eigi mega þær heldur liggja í sömu pípum.

Taugar

hvers stofns,

kvíslar

eða greinar,

skulu ávalt

saman eiga.

Liggja saman í einni pípu.

Stofnar og kvíslar skulu vera þrítauga, ef um Straumraun  
þær fer meiri straumur en 6 amp. Ef fleiri en ein stofna,  
tvítauga kvísl greinist frá þrítauga stofni, skal kvísl-  
taugunum jafnað niður á stofntaugarnar, þannig að kvísl-  
taugunum jafnað niður á stofntaugarnar, þannig að  
straumur hinna þriggja fasa stofnsins verði sem  
jafnastur, þegar miðað er við áætlaða straumeyðslu  
kvíslanna. Lampar og önnur tæki mega ekki vera  
fleiri saman á grein en svo, að straumeyðslan  
samalögð sje hæst 3 amp., en sjeu engir lampar  
á grein, má straumurinn vera alt að 6 amp. í tví-  
tauga grein. Þó skal vera sjerstök grein til hvers  
bogljóss eða bogljósaraðar og til hverrar vjelar,  
nema um svo smáar vjelar sje að ræða, að sam-  
alögð straumeyðsla þeirra fari ekki fram úr 3 amp.

Eigi skulu fleiri lampar vera saman á grein en 15. Lampafjöldi  
þótt straumurinn nái ekki 3 amp. Að jafnaði skulu  
ekki vera færri en 2 greinar í íbúðum, þótt lamparnir  
sjeu færri en 15 eða straumurinn minni en 3 amp.  
Hvert ljósakrónustæði skal talið 4 lampar, nema  
fleiri sjeu. Þar sem sjerstaklega stendur á, t. d. í  
samkomusölum, eða þar sem slökt er og kveikt á  
mögum lömpum í senn, má hafa fleiri en 15 lampa  
á grein, alt að 20, eða meiri straum, alt að 10 amp..  
ef leyfi fæst í hvert sinn.

Þar sem áriðandi er, að aldrei geti sloknað óvör-  
um, svo sem í lækningskurdyrstofum o. fl., skulu  
að minsta kosti vera tvær greinar í stofu, og geta  
greinarnar tilheyrт sín hvorri kvísl eða stofni, eftir  
því sem þörf þykir.

Aríðandi  
ljósastæði.

Útreikningur  
straum-  
eyðslu.

Straumeyðsla hvers áhalds skal talið þannig:	Áhöld	220 volt	$3 \times 220$ volt
	Amp.	Amp.	
Venjulegur glólampi			
1) í íbúðum . . . . .	0,15		
2) í búðum . . . . .	0,5		
3) annarsstaðar . . . . .	0,25		
Glólampi stærri en 100 watt:			
fyrir hvert hw . . . . .	0,5		
Tengill	0,5	4,0	
Dverglamparöð upp að 50 kertum . . . . .	0,15		
Þrifasa vjelar:			
fyrstu 10 hö. hvert ha . . . . .		4,0	
hvert ha þar framyfir . . . . .		3,0	
Einfasa vjelar . . . . .	12		

Oll önnur áhöld skulu falin eftir málseyðslu þeirra, að viðlöögðum 50%.

Undanþága við vjelaveitir er að ræða, má fá leyfi til að reikna með minni straumeyðslu en talið er í ofangreindri töflu, ef sjerstaklega er um beðið og skýrt er frá stærð vjelanna og raunstuðli.

Á greinispjaldi skal vera tvípóla var fyrir hverri tvítauga grein, en þrjú einpóla fyrir þrípóla greinum. Liggi kvísl frá aðalgreinispjaldi, skal vera var í hverri taug, svo og í kvíslum fyrir framan mæli-iæki, sem áður er sagt, bls. 10.

Ofangreind vör, svo og vör annarsstaðar í lögnum, skulu miðuð við straum tauga þeirra, er vara

á, en þó aldrei við meiri straum, en skipað er fyrir í töflunni bls. 15. Ef ræsistraumur vjelar við vanalega ræsingu er hærri en málstraumur vjelarinnar við fulla raun, skulu vörin valin eftir ræsistraumnum og gildleiki aðtauganna miðaður við vörin. Var í stofni skal vera stærra en kvíslvar og kvíslvar stærra en stærsta greinvar.

Á greinispjaldi skal, eftir því sem við á, vera tvípóla eða þrípóla rofi fyrir grein hverri. Liggi kvísl frá aðalgreinispjaldi, skal vera einpóla rofi í hverri taug, nema kvíslin liggi til þrifasa vjelar, og skal þá rofinn vera þrípóla.

Auk straumrofa þeirra, sem eru á greinispjöldum, straumrofar skulu vera rofar fyrir hverju sjerstöku áhaldi, og fyrir áhöldum. Þeim komið fyrir á hentugum stöðum. Straumrofa má eiga hafa á lampaföldum, nema sjerstaklega standi á, og með leyfi rafmagnsstjóra.

Straumrofi skal vera fyrir vjel hverri, og sjé hann settur sem næst henni. Sje vjel eða annað áhald stærra en svo, að afleyðslan nemí 500 watta, skal rofinn þannig gerður, að hann rjúfi allar taugarnar jafnsnemma.

Straumrofi skal vera við tengil hvern.

Tengilar.

Í vjelaveitum eða öðrum sjerstökum veitum, sem eigi eru ætlaðar fyrir venjulegar heimilisharfir, má eigi hafa tengil, nema sjerstakt leyfi fáist fyrir og greint sje frá tilgangi hans og stærð áhaldsins.

Í baðherbergjum má hvorki hafa straumsnerla nje tengla, og lampabúnaðurinn skal vera vatns-heldur og þannig gerður, að eigi verði tekið á spennufara hlutum lampans.

Bað-  
herbergi.

**Mælispjöld.** Mælitæki skulu fest á spjöld úr eik, marmara eða öðru jafngóðu efni. Spjaldið skal ekki sett fast við vegginn, heldur skulu postulínskringlur, 5 mm þykkar að minsta kosti, vera í milli.

Rafmagnsvirki setur upp spjaldið, og fer stærð þess eftir nánari ákvæðum rafmagnsstjóra.

Spjaldið skal þannig sett, að það megi taka niður og setja annað í staðinn, sem sje 750 mm á lengd og 300 mm á breidd að minsta kosti. Í þessari lengd er greinispjaldið meðtalið.

**Staður mælis.** Mælitæki skal þannig fyrir komið, að neðri rönd mælispjaldsins komi að minsta kosti 1,7 metra frá gólfí og skal staðurinn vera bjartur, þur og vel aðgengur. Hitabreytingar skulu vera þar líflar, og reykur, ryk eða gufa, sem skemt getur mælitækið, má ekki geta komist þar að.

Í eldhúsi, búri, salerni og svipuðum stöðum má að jafnaði eigi setja mælitæki, og eigi heldur nálagt eldstæðum.

Sé eigi unt að fullnægja þessum kröfum, skal settur þjettur skápur um spjaldið og mælinn, sem rafmagnsvirki setur upp samtímis spjaldinu.

Rafmagnsstjóri sker að öðru leyti úr, hvar mælitæki skuli sett.

### 9. gr. Útreikningur rafmagnstauga.

**Minsti gildi tauga.** Minsti gildleiki eirvirs í taugum skal vera sem leiki tauga. Hjer segir:

a) Hengiltaugar og lampataugar hvort heldur eru innan í eða utan á lampabúnaði, svo og lausataugar skulu vera minst 1 mm<sup>2</sup> að þverfleti. Sjeu pípur lampabúnaðar svo þróngar, að 1

mm<sup>2</sup> taugar verði ekki dregnar í, má nota þar 0,75 mm<sup>2</sup> inntaugar.

- b) Fastar greintaugar í ljósveitum 1,0 mm<sup>2</sup>, (sjá þó d).
- c) Fastar greintaugar til vjela eða bogljósa 2,5 mm<sup>2</sup>.
- d) Taugar lagðar á hjálmvöllum eða einangrurum skulu vera 2,5 mm<sup>2</sup>, sje haf þeirra minna en 6 m, ella 6 mm<sup>2</sup>.
- e) Kvísltaugar 2,5 mm<sup>2</sup>.
- f) Stofntaugar, 6 mm<sup>2</sup>.
- g) Taugar utan húss eða í jörðu 6 mm<sup>2</sup>.

Þar sem sjerstaklega stendur á, getur rafmagnsstjóri leyft minni gildleika á stofnum svo og fyrirskipt meiri gildleika á föstum greintaugum í ljósveitum.

Auk þessa lágmarks skal taugagildleiki fara eftir:

- 1) spennutapi.
- 2) straumraun.

Spennutap frá stofnvari til lampa skal eigi vera Spennutap. meira en 3 volt.

Spennutap frá stofnvari til vjelar skal eigi vera meira en 5% af rekstursspennunni; spennutapið skal þá miðað við straumeyðslu áhalda veitunnar samkvæmt bls. 11.

Spennutapið skal talið fram til tengils eða áhaldsstæðis. Viðnám fyrir bogljósum o. þv. l., er ekki talið með. Sje viðnámi skotíð inn í lögn, skal spennutap þess eigi að heldur talið með, en gæta ber sjerstaklega straumraunar.

Sökum upphitunar má straumraun eirtauga ekki Straumraun, vera meiri og var þeirra ekki stærra en segir í eftirfarandi töflu:

Gildleiki vírs i mm <sup>2</sup> .	Mesta straum- raun i amper.	Bræðivar	
		Ástimplaður málstraumur í amp.	Bræðistraumur í amp.
0,75	9	4	8,4
1	11	6	12,6
1,5	14	10	21
2,5	20	15	26,3
4	25	20	35
6	31	25	43
10	43	35	56
16	75	60	96
25	100	80	120
35	125	100	150
50	160	125	187
70	200	160	240
95	240	190	285
120	280	225	337
150	325	260	390

Þessi tafla gildir fyrir berar eirtaugar upp að 50 mm<sup>2</sup> og einangraðar eirtaugar inni og í jörðu, nema blývarinn streng í jörðu. Hann má reyna meira og ákveður rafmagnsstjóri nánar um það í hvert sinn.

#### 10. gr. Tegundir rafmagnstauga.

Eir, sem notaður er í rafmagnstaugar, skal hafa í mesta lagi 17,5 ohma viðnám á 1 km lengd og 1 mm<sup>2</sup> gildleika. Er það miðað við 15° C.

Gildleiki vírs í lögn skal að jafnaði fundinn með viðnámsmælingu, og skal þá eðlisviðnámið talið sem ofangreint og lengdin talin eftir lengd taugarinnar, en ekki þáttu hennar.

Þessar tegundir tauga má nota:

1. *Berar taugar.* Þær skulu að jafnaði vera úr eiri, nema sjerstök undanþága veitist í hvert sinn. Þær má ekki leggja annarsstaðar en utanhuðss og skulu festar á einangrara. Taugar, sem eigi eru varðar gegn öðru en efnabreytingum einum, svo og einangraðar taugar utanhuðss, skulu taldar sem berar taugar.
2. *Harðgúmseinangrun.* Harðgumið sjálf, sem er gúm, soðið í brennisteini, skal eigi innihalda meira en 6% harpeiskendra efna. Í einangruninni skulu vera að minsta kosti 33,3% af gúmi, en mest 66,7% annara efna til uppfyllingar, þar í talinn brennisteinn. Af lífrænum efnunum til uppfyllingar má eigi vera meira en 3% Ceresin. Eðlisþyngd allrar blöndunnar skal vera að minsta kosti 1,5.

Harðgúmseinangrun skal hafa ofangreinda samsetning þegar ávafið er tekið af, enda þótt borkun ávafsins kunni að hafa breytt efnasamsetningunni. Við prófun tauga verður gerð rannsókn á samsetningu harðgúmseinangrunar, þegar ástæða þykir til. Eirvir skal ávalt vera tinaður undir harðgúmseinangrun. Þessar eru þær tegundir gúmeinangraðra tauga, sem nota má:

- a) *Gúmaðar taugar* (G. T.) Um hinn tinaða eirvir skal vera vatnshelt harðgúmslag; þar utan um skal vera gúmað band og utan á því barkað ávaf úr baðmull, hampi o. þk. Þessar taugar skal leggja í pípu, ef inni í vegg eru. Einþættar taugar geta verið 1 til 20 mm<sup>2</sup> að gildleika, en margþættar 1—1000 mm<sup>2</sup>.

- Spennuþol þeirra skal reynt þannig:  
 Taugin er látin liggja 24 klst. í vatni, og  
 er þá settur 2000 volta breytistraumur milli  
 virs og vatns í hálfa klst., og sje vatnið eigi  
 heitara en  $25^{\circ}\text{C}$ . Skal taugin þola þessa raun.
- b) *Gúmaðar tvítaugar* (T. T.) eru tvær venju-  
 legar gúmtaugar snúnar saman. Eirvírinn er  
 1 til 6 mm<sup>2</sup> að gildleika. Hver taug skal ein-  
 angruð sem áður er greint í a-lið og þola  
 sömu raun.
- c) *Inntaugar lampa* (I. T.) sjeu að minsta kosti  
 0,75 mm<sup>2</sup> að gildleika. Utan um vírinn ligg-  
 ur 0,6 mm þykki harðgúmseinangrun og um  
 hana ávaf úr baðmull, hampi, silki o. þk.  
 Tvær taugar snúnar saman skulu þurrar þola  
 1000 volta breytispennu í hálfa klst.
- d) *Hengitaugar* (H. T.) eru venjulegar tvítaug-  
 ar með 0,75 mm<sup>2</sup> eirvír að minsta kosti, en  
 auk þess er sjerstakur burðarþáttur snúinn  
 saman við þær. Þær skulu þurrar þola 1000  
 volta breytistraum í hálfa klst.
- e) *Bryntaugar* (B. T.) eru gúmaðar taugar með  
 vírvafi til hlífðar. Fyrir innan vírvafisíð skal  
 einangrunin vera varin þannig, að hún geti  
 ekki skaddast við vírvafninguna.
- f) *Piputaugar* (P. T.) eru gúmaðar taugar,  
 klæddar málmpípu, sem fellur þjett að.
- g) *Ber blýstrengur* (B. B.) er ein eða fleiri  
 taugar með þykku lagi einangrunarefnis og  
 vatnsheldri kápu úr blýi, einfaldri eða tvö-  
 faldri. Hann má einungis nota þar sem eng-  
 in hætta er á efnabreytingum eða áverkum.

- h) *Jarðbikaður blýstrengur* (J. B.) er eins og  
 B. B., nema auk þess vafinn jarðbikuðu  
 trefjaefni. Hann má einungis nota þar sem  
 óhætt er fyrir áverkum.
- i) *Varinn jarðbikaður blýstrengur* (V. J. B.) er  
 eins og J. B., en er að auki vafinn járn-  
 bandi eða járnfljettaður. Hann má nota án  
 frekari hlífa gegn áverkum.

## 11. Gerð og frágangur á rafmagnslagningu.

**Almennar reglur.**

Við rafmagnslagningu skal eigi aðeins valin hin  
 rjetta tegund, svo sem síðar er skýrt frá, heldur skal  
 gerð hennar vera haganleg og efni gott. Ennfrem-  
 ur skal vinna vera vönduð og vel og smekklega  
 frá öllu gengið.

Taugar, er liggja á einangrurum, völum eða  
 klemimum, skulu liggja beinar og hæfilega strengdar,

Taugar á  
einangrur-  
um.

Pípur, sem liggja á utanverðum veggjum eða  
 loftum, skulu liggja meðfram listum eða brúnum,  
 þannig að sem minst beri á. Þó skal vatnshalli vera  
 á þjettum pípum, þar sem útlitsins gæfir eigi svo  
 mjög eða þar sem rakahætta getur verið. Pípur  
 skulu festar með þar til gerðum spenslum eða  
 kengjum (en eigi beygðum nöglum).

Pípur.

Líggi pípur um bita eða sperrur þverar, skulu  
 þær lagðar á nægilega stinnar fjalir (að minsta  
 kosti 20 × 75 mm renninga).

Hlífar við  
pípuenda.

Á öllum pípuendum skulu vera hlífðarkragar  
 (stútar) af viðurkendri gerð.

Málun.

Pípur og járnvarða strengi skal ávalt mála að  
 lagningu lokinni. Lakkað járn skal fyrst bronsa

eða þ. l., en olíumála yfir. Ólákkað járn skal ménjunála og olíumála.

**Stokkar.**

Trjestokkar utan um klemmulagnir skulu vera vel feldir saman og lokin skrifuð á eða bent.

**Búnaður  
skal vera  
uppsettur.**

Lagninin er ekki talin fullger fyr en allur búnaður (snerlar, tenglar o. s. frv.) er uppsettur.

**Endir tauga  
við lampas-  
stæði.**

Taugar að ljósakrónustæðum skulu enda við tauglás, þegar því verður komið við sökum loftrósa o. þ. l. Taugar að lampastæðum einstakra lampa skulu enda við loft- eða veggfali, eða við loft- eða veggkúpu. Þó skal notaður tauglás við þá loftlampa, er fleiri en ein pípa liggja að.

**Botns-  
skrúfur.  
Einangraðar  
taugar.**

Botnsskrúfur skulu vera í öllum vörum.

Í lagnir í húsum inni má eigi nota annað en einangraðar taugar.

**Stofnar og  
kvíslar úti.  
Vörn gegn  
snerfingu  
eða skem-  
um.**

Stofna og kvíslar má, ef svo ber undir, leggja utanhúss á tvíklukkueinangrara.

Allar taugar, er liggja neðar en 2 m yfir gólfii eða annarsstaðar þar sem umgangur er, skulu vel varðar gegn skemnum og snerfingu, einnig þó um grunntaugar sje að ræða (taugar, sem tengja áhöld við vatnspípur, sjerstakar grunnplötur o. s. frv.).

Í geymslugum, smiðjum o. þ. l. skulu taugarnar varðar gegn skemnum, alstaðar þar sem hætta getur verið á, að þær skaddist eða við þær sje komið.

**Taugaskifti.**

Ollum tækjum og taugum skal þannig komið fyrir, að unt sje að skifta um, án skemda á veggjum eða öðrum hlutum hússins.

**Tenging  
lausatauga  
við tengil.**

Lausataugar, svo sem tengiltaugar o. þ. l., má eigi tengja við fastar lagnir, nema í tengli eða láss. Frá sama tengli eða kúpu má ekki taka nema ein-

ar taugar. Tenglar skulu vera vel aðgengir og helst ekki settir á miðja veggfleti.

Þurfi að skeyta saman taugar utan búnaðarins Samskeyting (utan snerla, tengla, kvísladósa o. s. frv.), skal það gert með kveikingu eða skrifum í sjerstökum samskeytadósum af viðurkendri gerð.

Við kveikingu skal notaður harpeis eða annar sýrulaus áburður. Kveikingarlampa má ekki nota beinlinis til að hita upp kveikingarstaðinn. Sam-skeytin skulu vera vel vafin hreingúmsbandi og einangrunarbandi yfir. Einangrunin skal þannig gerð, að sem minstur munur sje á samskeytunum og taugunum heilum, bæði að últli og einangrunargæðum.

Allir óviðtengdir endar tauga skulu vera vel Taugaendar. einangraðir, á sama hátt og samskeyti.

Sjeu taugar gildari en 6 mm<sup>2</sup>, skulu þær tengdar á endum með strengskóm eða þ. l. Á öllum margþæltum taugum skulu þáttærar hverrar taugar vera kveiktir saman, sje ekki hólk tengsli eða þ. l. notað.

Straumfara hlutar allra tækja skulu settir á eld-traust undirlag, og skulu lok vera yfir, þannig að við þá verði ekki komið. Á stöðum, sem lokaðir eru fyrir almenning, en sjerstakir gæslumenn eru fyrir, eru slikear hlifur ekki nauðsynlegar.

Þar sem straumfara taugar þverast eða straumfara taug þverar járnþípu, síma o. s. frv., skal svo vera um búið, að snerfing geti ekki orðið. Sje ekki unt að hafa nægjanlega fjarlægð, þannig að snerting sje með öllu fyrirbygð, skulu taugarnar varðar með vel einangrandi sterkum pipum eða öðru, sem fest er svo, að það geti ekki runnið til.

Straumfara  
hlutar.

Pverun.

Hið sama á og við þar sem straumfara taugar liggja samhlíða málmhlutum eða síma o. s. frv. Ef um pipulögn er að ræða, skal fjarlægð frá pipunni að síma o. s. frv. vera að minsta kosti 10 mm, en 25 mm að minsta kosti frá rafmagnstaugum að síma o. s. frv., ef um völulögn eða klemmulögn er að ræða.

#### Gegntak.

Þar sem taugar eru teknar gegn um vegg, gólf o. s. frv., skulu þær lagðar í sterkar bípur, er standi að minsta kosti 10 mm fram úr veggjum eða lofti, en 100 mm upp úr gólfí.

#### Rafmagnslagning á þurrum stöðum.

##### Skilgreining.

Hjer er átt við alla þá staði i íbúðum og viðar þar sem rafmagnsveitum er engin hætta búin af raka eða þar sem engin hætta (svo sem bruni, sprenging o. þ. l.) getur stafað af venjulegri rafmagnsnotkun.

Sem fastar lagnir á ofangreindum stöðum má nota þær, sem hjer getur, auk þeirra sjerstökum lagna, er síðar verða nefndar.

##### Tegundir.

- I. Gúmaðar taugar á postulínsvöldum.
- II. — — í postulínsklemmum.
- III. — — í lokuðum stálþípum, eða dregnum gas- eða vatnspípum.
- IV. — — í opnum stálþípum.
- V. — — piputaugar.

##### Völulagsir.

I. *Völulagsir.* Fjarlægð valnanna skal vera í mesta lagi 800 mm. Fjarlægð tauganna að minsta kosti 25 mm víra á milli. Fjarlægð tauga frá vegg eða lofti að minsta kosti 15 mm. Ef lagt er undir bita o. þv. I. má leyfa meira en 800 mm milli

valnanna, ef sjerstaklega stendur á, en þá skal fjarlægðin milli tauga aukin að sama skapi.

Við þverun tveggja tauga skulu þær báðar festar á sjerstaka þar til gerða völu, þannig að fjarlægð tauganna sje að minsta kosti 10 mm og geti þær ekki haggast. Að öðrum kosti má aldrei festa fleiri en eina taug á sömu völu. Í staðinn fyrir þverunarvölu má nota postulínshringa, ef þeir eru festir þannig við taugarnar, að þær geti aldrei komið saman.

Þar, sem taugar liggja yfir brún, skal vera sjerstök brúnarvala. Við greiningu tauga skal vera Brúnarvala vala rjett við hvora hlið greiningarstaðarins, nema vala sje höfð rjett við í taug þeirri, er frá greinist, þannig að ekki stríkki á greiningunni.

Gljáþráð á völdum má leggja í þurrum íbúðum ef rafmagnsstjóri gefur sérstakt leyfi til.

II. *Klemmulagnir* skulu altaf vera í stokkum, er lokaðir sjeu þjettu loki. Þó aðrar taugar sjeu í stokknum en þær, sem í klenimum eru, skal fylgja reglum þeim, er gilda um þær taugar. Klemmurnar skulu festar í trje með 250 mm millibili í mesta lagi. Fjarlægð tauganna skal vera að minsta kosti 20 mm víra á milli, og fjarlægð tauga frá botni stokksins minsta kosti 6 mm.

Greining á klemmulögnum skal gera með sjerstökum greiningarplötum úr postulíni, sem taugarendarnir skulu skrúfaðir í.

Við greiningu tauganna skal klemma vera sín hvorum megin greiningarstaðarins, nema svo sje um búið á annan hátt, t. d. með greiningarplötum, að ekki geti stríkkað á.

III. *Lokaðar, samanskrufaðar pipulagnir* skulu

þverunarsvölur.

Klemmulagnir.

Greining.

Lokaðar pípulagnir. ávalt notaðar inni í steinveggjum og i útveggjum timburhúsa. Lokaðar stálpípur skulu vera vel sljettar innan, mjúkar, heildregnar eða valsáðar, en síður kveiktar eða soðnar saman. Vidd þeirra fer eftir gildleika og tölu tauga, og skal vera að minsta kosti sem hjer segir:

Gildleiki tauga.	Minsta vidd pípna í mm fyrir:			
	Tvær taugar.	Þrjár taugar.	Fjórar taugar.	Fimm taugar.
1,5 mm <sup>2</sup>	12	12	12	15
2,5 —	12	12	15	15
4—6 —	15	15	21	
10 —	21	21	21	
16 —	21	27	27	
25 —	27	27	27	
35 —	27	33	33	
50 —	33	33	45	

Purfi á gildari taugum að halda, skal vidd pípnum anna að sama skapi meiri.

Samhengi þyktar og víddar pípu er sem í eftifarandi töflu, sem er samkvæmt hinum ensku reglum um stálpípur eftir »Engineering Standards Committee«.

Pípur sem dregnar eru milli lofta eða þ. l. geta verið þynnri alt að 1 mm, sömuleiðis stuttar pípur, þó í steinvegg sjeu, ef engin samskeyti eru á þeim.

Gas- eða vatnspípur. Dregnar gas- eða vatnspípur, sem notaðar eru í rafmagnsveitu, skulu fullnægja ákvæðum þeim er gilda um slíkar pípur samkvæmt reglum

Verkfræðingafjelagsins danska um gas- og vatnspípur.

Gildleiki (utanmál) í enskum þumlungum.	Vidd (innanmál) í mm.	Minsta þykt	
		SWG	mm.
5/8"	12	16	1,5
3/4"	15	16	1,5
1"	21	15	1,8
1 1/4"	27	15	1,8
1 1/2"	33	14	2,0
2"	45	13	2,3

- 1) Í pípunum mega ekki vera skarpar brúnir, er skemt geti einangrun tauganna.
- 2) Vatn skal hvergi geta staðið í lögnum. Efri endar pípna skulu lokaðir þannig, að engin loftrás geti orðið í pípunum þar eð slíkt getur haft þjettingu vatnsgufu í för með sjer. Pípurnar skulu allar festar upp áður en taugarnar eru dregnar í.
- 3) Bugður skulu ekki vera fleiri nje krappari en svo að auðvelt sje að draga hverja taug út eða inn um pípurnar. Þar sem ekki verður hjá því komist skulu dósir settar, þannig að taugarnar verði dregnar út eða inn um þær.
- 4) Samskeyti skulu vera samanskrúfuð og þjettuð með blýhvítu, menju eða öðru, svo að þau verði lofheld.
- 5) Pípur geta breytt stefnu á þrennan hátt:

- a) Með bugðum á sjálfrí pipunni. Skulu þær eigi vera krappari en svo, að innanmál hrings þess, sem bugðan er partur úr, sje að minsta kosti 16 sinnum vídd pipunnar.
- b) Með innskoti sjerstaks hnjes sömu víddar. Skulu hnje þessi skeytti við hinum beinu pipur á sama hátt og samskeyti pipna eru gerð (4).
- c) Með sjerstökum dósum sem skrúfaðar eru við pipurnar á sama hátt og þær sín á milli (4). Dósinnar skulu þannig settar og gerðar, að skoðun á þeim og taugaskifti verði auðveldlega framkvæmd.
- 6) Pipur í mýrvegg skulu liggja í sementi eða gipsi, en eigi kalki.
- 7) Hvergi má skeytta saman eða greina taugar inni í pipum, heldur skulu samskeytin eða greiningin gerð í sjerstökum dósum. Samskeyti tauga í dósum skulu vera skrúfuð á postulínsplötu eða kveikt.
- 8) Eigi má hafa fleiri en 5 taugar í sömu pipu, enda tilheyri þær allar sömu straumrás. Allar taugar sömu straumrásar skulu liggja saman í pipu.

*IV. Opnar pipulagnir.* Sjeu pipur lagðar utan á veggi, geta þær verið lokaðar sem áður er sagt, en auk þess má nota opnar stálpípur.

Sjeu opnar stálpípur notaðar, gilda um þær hinum sömu reglur, sem að ofan er greint í 1.—8. lið um pipur í veggjum, að svo miklu leyti, sem þær geta átt við. Þó má þar nota þynnri pipur samkvæmt töflu á bls. 27.

Opnar  
pipulagnir.

Í 13 mm víðar pipur má leggja 5 taugar 1,5 mm<sup>2</sup>, sje pipan eigi lengri en 2 m.

Gildleiki í enskum þumlungum	Minsta vidd mm	Minsta þykt	
		SWG	mm
5/8"	13	19	1,0
3/4"	16	19	1,0
1"	22	18	1,2
1 1/4"	28	17	1,4
1 1/2"	34	16	1,5
2"	47	16	1,5

*V. Piputaugar (gúmaðar)* má eigi nota nema á algerlega þurrum stöðum og eigi inni í veggjum. Má því eigi setja þær á nýja mýrveggi, en draga má piputaugar í milli lofta þar sem þurt er, ef þær eru við bæði gegntökum lagðar í látuñs- eða stál-pípu, er sje að minsta kosti 1 mm á þykt. Ennfremur skal taugin við endana, þar sem kápan er tekin af henni, klædd með þar til gerðum látuñshólkum. Samskeyti og kvíslun má eigi gera nema í kvísladósum sjerstökum fyrir þessar lagnir. Kápuna má eigi nota sem rafmagnstaug.

Hengiltaugar má eigi nota öðruvísi en sem millilið milli hinna föstu lagna og einstakra hangandi glólampa eða sem aðtaug hangandi straumrofa fyrir einstaka lampa. Tenging hengiltauga við hinum föstu lagnir skal gerð í kúpu eða láss af viður-kendri gerð.

Hengil-  
taugur.

Hengiltaug skal ekki vera lengri en 5 m; skal hún lögð upp undir loftið og hvergi fest nema við lampakrókinn og við kúpuna. Milli uppfestu taugarnar skulu settir postulínshringar með 800 mm millibili í mesta lagi, er halda tauginni uppi. Þar sem lampinn hangir í tauginni skal vera burðaráttur í henni, þannig að ekki strikki á sjálfar rafmagnstaugarnar.

**Lausataugar.** Lausataugar eru milliliður milli hinna föstu lagna og lausra tækja. Sem lausataugar má nota eftir því sem við á ýmist gúmaðar tvítaugar eða tví-eða þrítauga lausastrengi.

**Búnaður.** Fyrir strauma upp að 60 amp. skulu notuð bræðivör. vör sem gerð eru eftir hinu svokallaða »Dizedkerfi«, (D-tappar), eða önnur jaþngóð vör sem D-tappar falla í. D-tappar hafa þessar gerðir:

Tappi D 1 (Skrúf I) 2, 4, 6, 10, 15 amp.  
— D 2 (— II) 2, 4, 6, 10, 15, 20, 25 amp.  
— D 3 (— III) 35, 50, 60 amp.

D 1 tappavör eru aðallega notuð í greinispjöldum fyrir ljós, en nota má þau einnig fyrir önnur tæki upp að 10 amp. málstraumi.

D 1 vör má ekki nota fyrir greinum sem hafa lægri raunstúðul en 0,95. Fyrir meiri straum en 60 amp. skulu einnig notaðir huldir bræðipræðir, nema sjerstakt leyfi fáist til annars.

Á bræðivörum skal ástimplaður málstraumur og málspenna.

**Straumrofar.** Rofar skulu gerðir fyrir 4 amp að minsta kosti. Rofar fyrir stofnum og áhöldum, er taka meira en 10 amp. skulu vera gerðir sem hnífrofar.

Hnífrofa fyrir meiri straum en 25 amp. má ekki

setja á vegg beinlínis, heldur skulu vera postulíns-kringlur eða völur að minsta kosti 5 mm háar milli veggjar og plötu rofans.

Í herbergjum þar sem gólf leiðir vel rafmagnsstraum (steinflísar, steinsteypa, linótól o. þ. l.) eða er vott, skulu handföng og lok á rofum vera úr einangrunarefnni, eða grunntengd ella.

Málstraumur og spenna skulu vera stimpluð á alla straumrofa.

**Tenglar.** Tenglar mega ekki vera þannig gerðir að spenna geti verið á tengilkvíslinni þótt hún sje dregin út úr falnum, nje heldur þannig að kvíslin komist í fal fyrir stærri straum en hún er gerð fyrir. Málstraumur og málspenna skulu vera ástimpluð bæði á kvísl og fal.

Tenglar skulu gerðir fyrir 4 amp. að minsta kosti. Við þá má eigi tengja nema eina lausataug í senn.

#### Lagnir í jörðu.

Lagnir í jörðu mega vera þannig:

- Járnvafinn blýstrengur.
- Gúmaðar taugar í sinkvörðum gas- eða vatnspípum.

Járnvafðir blýstrengir (vafðir járnbandi) skulu skeyttir saman og enda í sjérstökum þar til gerðum vatns- og rakaheldum búnaði.

Pípur í jörðu skulu vera 25 mm viðar að minsta kosti og uppfylla venjuleg skilyrði fyrir gas- og vatnspípum.

Pípurnar skal jarðbika áður en þær eru lagðar

og eftir að lagningu þeirra er lokið. Í súrum eða rökum jarðvegi skal borinn sandur að pipunum.

Öll lögnin skal vera skrúfuð saman og algerlega vaíns- og loftheld.

#### Rafmagnslagning utan húss.

Tegundir.

Auk þeirra lagna, sem lagðar eru í jörðu niðri, samkvæmt því sem fyr getur, má einnig nota þær, sem hjer segir:

- a) Lagnir á tvíklukku-einangrurum.
- b) Gúmaðar taugar í sinkvörðum, samskrúfuðum stálpipum.
- c) Gúm-blýstrengjalagnir.
- a) Lagnir á tvíklukku-einangrurum skulu hafa gúmaðar taugar eða venjulegar Hacketal-taugar. Þegar ástæður mæla með því, má nota berar taugar, en þó skal sótt um sjerstakt leyfi í hvert sinn.

Einangrararnir skulu festir beinir, upprjettir og þannig, að miðja þeirra sje i 100 mm fjar-lægð að minsta kosti frá veggjum, stólpuum o. s. frv.

Einangrara eða stög má ekki festa á reyk-háfa, girðingar eða aðra ótrausta hluti. Ef fest er á steinveggi, skal sjeð um að veggurinn þoli átak og þunga tauganna og að burðar-járnin sjeu rækilega fest í vegginn.

Haf.

Taugarnar mega ekki hanga á meira hafi en 30 m, nema sjerstakt leyfi fáist fyrir.

Millibil tauga skal vera að minsta kosti sem segir á bls. 31.

Þegar hafið er:	Minsta bil milli tauga eða milli taugar og annara hluta.
meira en 15 m	400 mm
milli 15 og 6 m	250 —
minna en 6 m	200 —

Þó mega taugar ekki liggja nær heymum eða öðrum ámóta eldfimum efnum, en 1,5 m.

b. Pípulögn skal vera samskrúfuð og vel vatns- og loftheld; enn fremur skal öðrum (efri) enda pípnanna lokað. Auk þess gildi öll ákvæði 1.—8. liðar hjer að framan, að svo miklu leyti sem þau eiga við. Pípurnar skulu vera vel olíumálaðar.

c. Í blýstrengjalögn má eigi nota annað en gúm-aðan blýstreng, járnvaðinn eða járnfljettaðan. Allan búnað skal fylla bræddu einangrunar-lakki svo hvergi komist raki að.

Lausataugar skulu vera klæddar haldgóðri Lausataugar. slithlíf, t. d. leðri, segldúk, gúmslöngu o. s. frv.

Straumrofar eða snarar, vör og tenglar skulu vera vatnsheld eða í lokuðum, vatnsheldum skápum.

#### Rafmagnslagning á rökum stöðum o. þ. l.

Rakir skulu álitnir þeir staðir, þar sem vænta Skilgreining, má raka og vætu, svo sem mörg eldhús og kjallarar, baðherbergi, þvottaskálar, úтиhús, örgerðarhús, slátr-unarhús o. s. frv. Ennfremur þeir staðir, sem eimur ýmissa efna getur grandað einangrun raf-

Sinkaðar  
pípur.

Búnaður.

*magnstauga, svo sem fjós og önnur peningshús, salerni, saltfisks- og saltkjötsgeymslur o. fl.*

Þar má nota þessar lagnir:

Hinar sömu og gefið er um við rafmagnslagningu utan húss; þó má hvorki nota berar taugar nje venjulegan Hackethalvír. En nota má gúmaðan Hackethalvír.

Auk þess má nota lagnir á hjálmvölum.

Strengir og pipur skulu málaðar sýrutraustri málningu.

Við gegntök skulu notaðar hlifarpípur úr postulíni.

Lausataugar eða strengir skulu klædd þjettri gúmslöngu eða annari jafngóðri hlíf.

**Búnaður.** Vör skulu að jafnaði ekki sett á þessum stöðum, en verði ekki hjá því komist, skulu þau vera í loft- og vatnsheldum hylkjum eða skáum. Straumrofar og tenglar skulu vera vatnsheldir.

#### Rafmagnslagning þar sem brunahætta er.

**Skilgreining.** Brunahætta er þar, sem eldfim efni eru geymd eða safnast fyrir, svo sem margar geymslur verslana, trjesmiðjur, prentsmiðjur, tóvinnuhús, sápu- gerðir, heyhlöður, steinolitugeymslur, bensingeymslur, bílskúrar, gasstöðvar o. fl.

Á þessum stöðum má nota:

- Gúmaðar taugar í lokuðum, samanskrúfuðum stálþípum eða sinkuðum gas- og vatnspípum.
- Gúm-blýstrengjalagnir.

**lausataugur.** Lausataugar skulu klæddar haldgóðri hlíf úr leðri, segldúk o. s. frv., og skal þannig um búið, að á þær geti ekki komið krappar bugður, síst við endana.

Vör, rofar og önnur tæki, sem rafmagnsneista geta

gert, skulu lokuð í sterkum loft- og rykheldum skápum (eftir því sem við á) úr eldtraustu efni.

Ef loftið getur orðið eldfimt af bensíni, gasi o. s. frv., má ekki nota tengla, en annarsstaðar má nota þá, ef sjerstakt leyfi fæst til þess.

Við lagningu skal gætt fyrirmæla gildandi laga, Brunamál i reglugerða og samþykta um brunamál i Reykjavík.

Á stöðum þar sem lífshætta getur stafað af ein-angrunargalla, sjer í lagi við notkun lausatauga (t. d. á skipasmíðastöðvum, við hreinsun eimkatla), getur rafmagnsstjóri skipað fyrir, að öll veitan, eða nokkur hluti hennar, skuli afspent niður í hættulausa spennu (30 volt). Þetta ákvæði nær og yfir hverskonar veitur og staði, þar sem ástæða er til að óttast slikt.

Hættulegir staðir.

#### 12. gr. Neyslutæki.

##### Almennar reglur.

Ekkert tæki má setja eða taka til notkunar, nema Ábyrgð rafmagnsvirki sje viss um, að það sje samkvæmt magnsvirkja. reglum þessum, einkanlega að því er snertir að taugar og viðtenging þeirra.

Venjulega skulu tæki sett í fast samband við veitu. Þar sem tenglar eru notaðir, skulu þeir helst fastar lagnir vera á sjerstökum greinum og vera þrifasa, ef tæk-in taka meira en 6 amp.

Allir spennufara hlutar skulu vandlega einangr- aðir frá umgerðum eða búnaði tækja.

Einangrun  
spennufara  
hluta.

Allur lampabúnaður skal vandlega einangraður frá húsi. Á borð- eða gólflompum skulu taugarnar tekna inn gegnum einangrunarhólk, sem eigi skal

geta færst til á tauginni. Svo rúmt skal vera um inntaugar lampans, að auðvelt sje að endurnýja þær. Liggi taugarnar utan á lampabúnaði, skal þeim fest.

**Draglampar.** Draglampar skulu hanga í burðarþætti, sem snúinn er saman við hengiltaugina. Burðarþátturinn skal ekki vera lengri en svo, að lampinn sje að minsta kosti 1 m frá gólf, þegar hann er dregin alveg niður.

**Handlampar.** Handlampar skulu allir vera vel einangraðir utan; skal um sjálfan lampann vera glerhjálmur og vírnet um hjálminn. Þannig skal vera búið um aðtaugar lampans, að þær geti ekki slitnað þótt misjafni meðferð sæti, og snurður geti ekki hlaupið á þær.

**Lampafalir.** Í eldhúsum og á svipuðum stöðum skulu lampafalir vera úr postulíni utan.

Spennufara hlutar skulu hafa minsta kosti 440000 ohma einangrunarviðnám.

**Glólampar.** Glólampa má nota hvertvæna, en þar sem eldfim efni eru, skal vera glerhjálmur eða vírnet um lampana, er hindri að þau komist að þeim.

Spennufara hlutar lampa skulu vandlega varðir, annaðhvort með postulínskraga eða hjálmi þannig að ógerningur sje að ná til skrúfs lampans, hvort sem lampinn er fullskrúfaður í eða ekki.

**Bogljós.** Bogljós má ekki nota á stöðum þar sem brunahætta er.

Sjerhver boglambi skal hafa lokaðan hjálm eða annað, sem ver glóandi kolaögnum að falla úr lampanum.

Vírnet skal vera um stóra hjálma.

Umgerð boglampa og búnaður skal vera vel ein-

angraður frá jörðu og lampa. Svo skal vera búið um inntök aðtauganna, að einangrun þeirra geti ekki skaddast nje raki komist inn í lampann.

Boglampa má ekki hengja upp í rafmagnstaugarnar.

Opna rafmagnsmótora má eigi hafa á stöðum þar **Rafmagns-** sem eldfimur eimur eða sprengingarefni eru, og **mótora.** eigi heldur þó rykþjettur kassi sje settur um þá.

Mótorar og ræsar þeirra skulu hafa hlífar um alla spennufara hluta, svo hvergi verði komið við þá. Á öllum mótorum skulu vera föst klemmuspjöld, bæði fyrir aðtaugarnar og taugar milli mótors og ræsis.

Öll 6 skaut sáturvafsins skulu að jafnaði vera á klemmuspjaldinu.

Ræsar skulu eigi hitna fram yfir 100° C. við rjetta notkun.

Þeir mótorar, sem ræstir eru með fullri raun (t. d. eru tengdir við vinnuvjel án millitengsla) skulu hafa ræsa, er þola þá raun, og að jafnaði skulu allir ræsar þola fulla raun vjelarinnar.

20 kw mótorar, og þaðan af stærri, skulu hafa ræsa með þríspóla sáturnsrofi. Sjeu þessir mótorar með skammhlaups- og kolalyfti-umbúnaði, skal hann standa í sambandi við ræsinn með handlási eða raflási, þannig að mótorinn verði aldrei ræstur ranglega.

Mótorar stærri en  $\frac{1}{2}$  kw skulu vera þrifasa. Venjulegir þrifasa mótorar með skammhlaupsrótor mega vera 1 kw í mesta lagi ef enginn ræsir er fyrir, en 3 kw í mesta lagi ef ræsir er hafður, þannig að ræsistrumurinn verði ekki meiri en 8 amp. á hvert kw.

Sje þess óskað má rafmagnsstjóri veita leyfi fyrir notkun stærri mótrora með skammhlaupsrótor, ef sjerstaklega stendur á eða ef mótorinn er af sjerstakri gerð, en annars skulu stærri þrifasamótror hafa hringrótor og ræsisviðnám.

Rafmagnsstjóri getur bannað notkun mótrora sem hafa mjög lágan raunstuðul ( $\cos\phi$ ).

Þetta eru hæfilegir raunstuðlar mótrora:

Afl mótrors-ins kw.	Raunstuðull ( $\cos\phi$ ) við		
	750 snún.	1000 snún.	1500 snún.
1		0,69	0,75
5		0,80	0,83
10	0,80	0,83	0,85
25	0,83	0,86	0,87
50	0,86	0,88	0,90
100	0,88	0,90	0,91

Sívinnumótrar stærri en 5 kw og sprettvinnumótrar stærri en 3 kw skulu hafa straummæli við ræsi, svo að eftirlit verði haft með ræsisstraumnum.

Allar vjelar sem stærri eru en 500 watt, skulu hafa grunntengda grind og ramma. Skal grunntengingin gerð við vatnslagnir eða sjerstaka grunntölu og skal grunntaugin vera að minsta kosti  $^{1/5}$  úr aðtaugum vjelarinnar að gildleika, en aldrei mjórri en  $10 \text{ mm}^2$ .

Áhöld til suðu, hitunar o. s. frv., skulu þannig

úr garði gerð, að brunahætta geti ekki af þeim stafað. Skal vera eldtraust efni um viðnámsþræðina. Málmpartar þessara áhalda skulu grunntengdir.

Lausatæki til hitunar, suðu o. fl. skulu ávalt höfð á tilætluðu undirlagi, sem ekki hitar frá sjer.

Rafmagnsstjóri getur bannað notkun áhalds, sem eigi er nægilega fraust að hans hyggju.

#### Sjerstakar reglur.

Auk þeirra ákvæða, sem hjer á undan eru talin, eiga neðanskráð ákvæði sjerstaklega við um veitur á rökum stöðum eða þar sem hætt er við bruna.

Búnaður glólampa skal vera vatnsheldur og snerillaus. Sömuleiðis skal bogljósabúnaður vera vatnsheldur. Við veitur utanhusss bsr. bls. 30.

lausavjelar og ræsar skulu varin gegn regni og raka.

Glólampar skulu vera í vatns- og loftheldum á rökum búnaði og snerillausir. Við veitur stöðum o. s. frv. bsr. bls. 31.

Sömuleiðis skal boglumpabúnaður vera vatnsheldur og skal lampinn vera þannig settur, að ekki verði til hans náð meðan á honum brennur.

Mótrar og ræsar skulu vera vatnsheldir. Á eimfyltum stöðum skal allur loft- og vatnsheldur búnaður einnig falla lofthelt að lögnum. Mótrar og ræsar skulu vera lokaðir lofthelt. Bogljós má eigi nota.

Ennfremur skulu öll gögn varin gegn efnabreytingum þar sem þær má óttast. Við veitur þar sem brunahætta er sbr. bls. 32.

Glólampabúnaður skal vera loft og vatnsheldur. Boglampa má eigi nota.

Mótrar og ræsar skulu lokaðir eða settir í

þjettu kassa úr eldtrastu efni. Sje sprengingarhætta (benzin, gas. o. s. frv.), skal vera um hvern lampa glerhjálmur, er hylur hann allan og fellur þjett að.

Mótorar og ræsar skulu þannig lokaðir, að sprengingarhætta geti ekki af þeim stafað.

### 13. gr. Gildi reglnanna.

**Bráðabirgðaveitir.** Við bráðabirgðaveitir má veita undanþágu frá reglum þessum í sumum atriðum. Þó skal gæði efnis, samskeyti, varnir og vör vera reglunum samkvæmt.

**Sjerstakar veitur.** Um sjerstakar veitur getur rafmagnsstjóri sett sjerstakar reglur fram yfir þessar, ef ástæða er til.

**Gamlar veitur.** Veitur sem eru uppkomnar áður en reglur þessar ganga í gildi, má viðurkenna og viðtengja, þótt þær sjeu ekki reglunum í öllu samkvæmar, ef rekstur stöðvarinnar þykir öruggur og mönnum eða húsum ekki hætt við bruna, að hyggju rafmagnsstjóra. Breytingar og viðgerðir á slíkum veitum skulu þó ætið gerðar samkvæmt reglum þessum.

Reglur þessar ganga í gildi 1. maí 1921.

Rafmagnsstjórnin áskilur sjer rjett til að breyta reglunum eða auka, þegar ástæða er til.

### 14. gr. Brot gegn reglunum.

Brot gegn reglum þessum varða sektum alt að 1000 krónum, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Ef brot veldur skemduum á eignum rafmagnsveitunnar, skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

## Viðbætir.

### Leiðbeiningar um björgun og endur lífgun manna, sem snerta háspennutaugar.

#### I. Maður festist við rafmagnstaug.

1. Taugarnar skulu afspentar annaðhvort með því að rjúfa straum tauganna eða vjelarinnar, stöðva vjelina eða þ. l.
2. Taki það of langan tíma, skal reynt að skammhleypa taugarnar og grunntengja þær við járnstólp, vatnsagnir o. fl., ef maðurinn snertir fleiri en eina taug.
3. Sje maðurinn fastur við eina taug, er nóg að grunntengja hana eða lyfta manninum frá jörðu.
4. Þegar taugarnar eru ekki skammhleyptar, má eigi grunntengja aðra en þá taug, sem maðurinn loðir við.
5. Sá, er hjálpar, verður til varnar sjer að gæta þessa:
  - a) Hættulegt er að snerta bæði á taugunum sjálfum, þó skammhleyptar sjeu, og á manni þeim, sem fastur er við þær, nema taugarnar sjeu fyrst grunntengdar.
  - b) Sá, er hjálpar, skal þess vegna gæta þess, að vera svo vel einangraður frá jörðu (járnstólpum o. s. frv.) sem unt er. Hann

skal standa á glerplötu, þurru trje eða þurrum fatnaði, og hann má eigi taka á öðru en fótum mannsins. Hann getur einnig notað þurra spýtu eða fatnað, vöfðum um höndur sjer, til þess að ná manninum frá taugunum.

- c) Taugarnar skulu skammhleyptar á þann hátt, að vír, votum klæðum eða þ. l. er kastað yfir taugarnar þannig, að sá, er kastar, tengist ekki við taugarnar.
- d) Grunntenging skal gerð á þann hátt, að vír, járnstöng eða þ. l. er fyrst tengt við jörðu, en síðan við raftaugina.

## II. Bruni.

1. Við roða eða sársauka skal bletturinn kældur með köldu vatni eða ís, síðan skal lagt við vatt eða þ. l., sem dyfið hefir verið ofan í eggjaolíu, og bundið um.
2. Hlaupi upp blöðrur, má ekki stinga gat á þær, en vætti úr þeim, skal lagt við hreinsuð grisja ferföld og vatt yfir, og skal bindi bundið um. (Áður en grisjan er skorin af, skulu hendurnar helst þvegnar vel úr vatni og súblímatlausn 1 : 1000).
3. Hafi húðin svíðnað eða skorpnað, skal hreinsuð grisja lögð ferföld við og vatt ofan á, og bindi bundið um alt saman.

## III. Ómegin.

1. Sent skal eftir lækni.
2. Losað skal um fötin á búk og hálsi.

3. Maðurinn skal lagður á bakið, með höfuðið nokkuð hátt, og skal aðgætt hvort hann andar eðlilega.
4. Sje eigi svo, skal byrjað tafarlaust á öndunarhreyfingum:
  - a) Maðurinn liggar upp í loft, og klæði eða annað þ. l. er lagt undir herðar honum, svo brjóstið komi vel fram, en höfuðið aftur.
  - b) Vasaklútur er lagður mitt yfir tungubroddinn. Því næst er tekið um tunguna tveim fingrum, og er hún dregin út úr munninum og niður á við. Er þá klúturinn bundinn aftur fyrir hálsinn, þannig að tungan verði föst úti.
  - c) Sá, er hjálpar, krýpur á knje aftan við höfuð mannsins, tekur um arma hans rjett fyrir neðan olnboga og dregur þá upp á við að eyrum.

Ormunum er haldið þannig beinum upp með höfðinu í 2 sekúndur. Síðan eru þeir færðir aftur í boga niður með brjósti. Þeir eru beygðir og olbogunum er þrýst að brjósti mannsins. Er þeim haldið þar 2 sekúndur. Þessar hreyfingar eru gerðar hægt og stilt um 15 sinnum á mínuá.

Sjau öndunarhreyfingarnar gerðar af fleirum, skal talið þannig, að þeir verði samtaka.

Þegar öndunin er orðin eðlileg, sem oftast sjest á litbrigði í andliti mannsins, má hætta hreyfingunum.

- Ella skal haldið áfram látlaust, þar til læknir kemur að.
5. Gott lífgunarmeðal, sem gera má jafnframt öndunarhreyfingunum, er það að bursta berar iljar mannsins.
  6. Hressingar, svo sem kaffi, áfengi o. fl., má ekki gefa fyr en maðurinn hefir fengið meðvitundina.

Auk ofanskráðra öndunarhreyfinga (Sylvester-aðferðin) er annar öndunarmáti (kendur við Shäffer) sem allmikið er notaður í enskumælandi löndum. Hann er á þessa leið:

Þegar maðurinn hefir verið losaður við raftaugarnar, er tafarlaust losað um flibba, líningar o. s. frv. og tungan bundin eins og ádur.

1. Hann er lagður á grúfu, með armana undir höfði honum, þannig að ennið liggur hliðhalt á öðrum framhandleggnum. Gætt skal þess, að loft komist vel að munni og nefi honum.
2. Sá, er hjálpar, krýpur á knje við lendar hins, annaðhvort yfir hann eða á hlið við hann, þannig að andlitið viti móti hnakka hans.
3. Hjálparmaðurinn leggur hendur sínar á síðu mannsins, eru fingurnir glentir þannig, að litli fingurinn liggur yfir 12. rifi, en þumallinn veit upp með hryggnum.
4. Hann legst því næst áfram, þannig að þungi hans komi á armana beina. Lætur hann hendurnar hvíla á sama stað á síðum hins og þrýsta að, án þess að nota krafta. Við þrýstinguna ýtist loftið úr lungum hins, og önnur óhreinindi, ef fyrir eru.

5. Hjálparmaðurinn tekur hendurnur snögglega burt þegar liðnar eru 3 sekúndur, og víkkar þá brjóstholið ósjálfrátt, þannig að loftið streymir í lungun. Skal það taka 2 sek. Þessar hreyfingar eru endurteknar 12 sínum á mínútu, og má alls ekki gera þær fljótara.

Hreyfingarnar skulu endurteknar látlaust, þar til maðurinn fær meðvitundina aftur, þótt það taki 2 eða 3 klst. Sje þá enginn árangur orðinn, er engin von um endurlífgun.

## Merkjaskrá.

<u>M</u>	Mælitæki.	
(A)	Straummaelir.	
X	Glólampi alt að 100 W.	
X 200	— - - 200 W.	
X	— - - 100 W með snerli.	
⊗ 5	Ljósakróna með 5 lömpum.	
w w w X	Hengiltaug með glólampa.	
(S)	Bogljós 5 amp. að stærð.	
A / 2 kw.	Rafmagnsmótor 2 kw. að stærð.	
(A) 220/ %	Riðbreytir $\frac{220}{10}$ volt.	
w w w 220/ 30	Spennir $\frac{220}{30}$ volt.	
7	Ræsir.	
15	Hita- eða suðuáhald (viðnám. fyrir 3,5 amp. mest)	
6	Ein-, tví- eða þrípóla brœði- var fyrir 6 amp.	
6		
6		
6		
6		
6		
}		
Ein-, tví- eða þrípóla straum- rofi (snerill) fyrir 6 amp.		
Ein-, tví- eða þrípóla straum- snari (krónurofi, samsnerill).		



Tvípóla hnífrofi fyrir 60 amp. með einangrunarhatti (e).



Tvípóla tengill með straumrofa fyrir 6 amp.



Þrípóla tengill með straumrofa fyrir 10 amp.



Grunntenging.



Staur.



Greinispjald með greinvörum og greinrofum.



Tvíklukkueinangrari.



Postulínsvala.



Postulínsklemma.



Stálpípa.



Sinkuð gaspípa.



Piputaug.



Gúm-blýstrengur.



Járnvarinn blýstrengur.



Tvítaug  $2,5 \text{ m/m}^2$  lögð í gaspípur.





Þrítauga völulögn  $4,5 \text{ m/m}^2$ .



Tvítaug beygist upp.



Þrítaug beygist niður.



*Rafmagnsvirki**Húsið nr. .... við ....*